



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Sumarstörf í leikskólum 2019

Búið er að ganga frá ráðningu 84 sumarliða, 1 – 2 á hvern leikskóla borgarinnar. Störfin voru auglýst á ytri vef Reykjavíkurborgar og bárust um 250 umsóknir.

Við val á umsækjendum er haft í huga markmið verkefnisins sem er að kynna störf í leikskólum fyrir ungu fólki og er því áhersla lögð á 17-20 ára hópinn. Við val á umsækjendum er einnig horft til áhuga á kennslu og uppeldisstörfum og að kynjasamsetningin sé sem jöfnust.

Ráðningartíminn eru 10 vikur og er það verkefni fyrir hvern og einn leikskóla og umsækjenda að setja þær vikur niður eins og best hentar hverju sinni.

Lögð verður áhersla á góða móttöku og þjálfun fyrir þennan hóp þannig að gott tækifæri verði fyrir þessa sumarstarfsmenn að kynnst starfinu og öðlast þekkingu á því hvað felst í starfi með börnum í leikskólum.

Í upphafi verður móttökufundur fyrir sumarstarfsmennina þar sem áhersla verður á að kynna starf leikskóla fyrir sumarstarfsfólki og skapa samræður um starf með börnum með það að markmiði að kynna og gera starf í leikskólum borgarinnar eftirsóknarvert.

Í júní verða haldin örnámskeið fyrir alla sumarstarfsmenn á vettvangi leikskóla. Samhliða fræðslunni verður boðið upp á stutt vettvangsnám þar sem þátttakendur fá að taka þátt í verkefnum með börnum og leikskólakennurum. Áhersla verður á að tengja saman fræðslu og starf með börnum með það að markmiði að sumarstarfsfólk fái að upplifa hvernig gott leikskólustarf stuðlar að þroskandi og hvetjandi aðstæðum fyrir leik og nám barna.

Í júlí verður boðið upp á þriggja daga námskeið fyrir sumarstarfsmenn. Áhersla námskeiðanna verður á sjálfseflingu, hópeflingu og að auka þekkingu þátttakenda á því hvaða tækifæri felast í útiveru og námi fyrir börn í reykvísku borgarsamfélagi. Markmiðið með námskeiðinu er að sumarstarfsfólk verði betur upplýst um þau fjölbreyttu og skemmtilegu tækifæri til útiveru og upplifunar í borginni sem eru í boði fyrir þau sjálf og í tengslum við starf með börnum. Einnig að þau upplifi gleði og sjálfseflingu með þátttöku í ánægjulegu sumarstarfi hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Þetta er annað árið í röð sem verkefnið er með þessu sniði. Mikil ánægja var með það í fyrra, bæði meðal leikskólustjóra og ungmennanna. Í einhverjum tilvikum héldu sumarstarfsmenn áfram störfum í leikskólum eftir að sumarráðningartímabilinu lauk.

Vinnuskólinn

Samhliða því að nú býðst 8. bekkjum aftur að starfa í Vinnuskólanum skapast meiri möguleikar á að bjóða nemendum í vinnuskólanum upp á fjölbreyttari verkefni. 10. bekkjar nemendur koma því til með að geta valið um fjölbreyttari störf t.d. í leikskóla og frístundaheimili. Ekki er ljóst á þessari stundu hversu margir nemendur koma til með að velja það.